

**Ed.**

**401. Frumvarp til laga**

**[102. mál]**

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna og á lögum nr. 8 1944 um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. *Blönduóshérað*: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svinavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.

Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga þó jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis í Höfðahéraði.

26. *Höfðahérað*: Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað. Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

**2. gr.**

Í staðinn fyrir Egilsstaðahérað í 3. gr. 1. nr. 8 1944 koma tvö ný héruð, þannig:

- a. *Egilsstaðahérað vestra*: Jökuldalshreppur, Hlíðahreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur, Læknissetur á Egilsstöðum.
- b. *Egilsstaðahérað eystra*: Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Egilsstaðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

**3. gr.**

- Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.